

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði

Stjórn Borgarblaða ehf., sem gefa út Vesturbæjarblaðið, Nesfréttir, Breiðholtsblaðið og Kópavogsblaðið hefur sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði Borgarblaða, eins og kveðið er á í gr. 24 í lögum nr. 38 frá 2011 um fjölmiðla. Borgarblöð ehf. telur að ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna sé ein af hornsteinum faglegrar blaðamennsku.

Eigendur og sérhagsmunir

Ritstjórnarlegt sjálfstæði felst í frelsi ritstjóra til að taka ákvarðanir án afskipta eigenda og stjórnenda Borgarblaða, enda er ritstjórninn ráðinn til að framfylgja í störfum sínum sjónamiðum og markmiðum eigenda og stjórnenda Borgarblaða.

Það er stefna Borgarblaða að í umboði ritstjóra hafi starfsmenn á ritstjórn fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði. Í því fellst að þeir þurfa ekki að taka tillit til skoðana eða hagsmuna eigenda eða viðskiptamanna Borgarblaða, ef siðareglur Blaðamannafélags Íslands, samviska þeirra eða sannfæring segir þeim að ekki sé rétt að gera slíkt. Blaðamanni verður ekki gert að vinna verkefni sem stangast á við sannfæringu hans og samvisku. Blaðamaður tekur ekki við verkefnum frá öðrum en ritstjóra eða fréttastjóra.

Eigendur Borgarblað skulu ekki hafa afskipti af einstökum fréttaskrifum eða ræða það beint við viðkomandi blaðamann, heldur skulu mál af því tagi tekin upp við ritstjórn eða fréttastjóra Borgarblaða.

Ritstjórnastefna

Ritstjórnalegt sjálfstæði tekur mið af og takmarkast af ritstjórnarstefnu blaðsins og séu verkefni þau sem blaðamanni er falið að vinna sannarlega innan ramma skilgreindrar og yfirlýstrar ritstjórnarstefnu, ber honum að sinna þeim og ekki vinna gegn þeim. Ritstjóri er ábyrgur fyrir túlkun og framkvæmd ritstjórnarstefnu og hans túlkun á stefnu og forgangsröðun verkefna, er það sem gildir í daglegu starfi.

Starfsskilyrði ritstjóra

Blaðamönnum ber að fá aðstöðu og tíma til að setja sig inn í mál. Þeir skulu alla jafnan fá tækifæri til að vinna á þann hátt sem þeir telja réttast og nota þau efnistöð sem þeir telja best án sérstakra leiðsagnar ritstjóra, nema þess sé óskað. Hins vegar ræður fréttamat ritstjóra og fréttastjóra og túlkun á því hvernig og hvað er endanlega birt. Blaðamenn Borgarblaða hafa fullan tillögurétt þegar kemur að því að velja sér efni og úrvinnslu þess. Sé frétt og nálgun blaðamanns í tilteknu máli breytt í veigamiklum atriðum á viðkomandi blaðamaður rétt á skýringu ritstjóra á breytingunum.

Skilyrði uppsagnar

Ekki er hægt að segja upp starfsmanni án skriflegrar skýringar. Gildir það undantekningarlaust hver svo sem ástæða uppsagnarinnar er og eru slíkar skýringar ekki einkamál blaðamanns og útgefenda Borgarblaða nema ef blaðamaður eða útgefandi óski þess sérstaklega.

Reykjavík 5. mars 2013

Kristján Jóhannsson
Framkvæmdastjóri Borgarblaða ehf